Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. júlí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Húsaviðhald og nýsmíði ehf., kr. 6.561.888
kt. 700617-0330,
Bólstaðahlíð 60, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Reykjavík, 6. júlí 2021.

Einar Jónsson lögmaður.

(2021014492

Útgáfud.: 9. júlí 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 22. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. júní

2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Katrín mikla ehf.,
kt. 460907-1010,
Hafnarstræti 3, Akureyri

Lýstar kröfur:

kr. 6.688.672, auk áfallinna
vaxta eftir úrskurðunardag.

Akureyri, 7. júlí 2021.

F.h. Ásgeirs Arnar Blöndal
lögmanns,

**Valdemar Karl Kristinsson
lögmaður.**

(2021014493

Útgáfud.: 8. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 1. júlí 2021 tillögu að breytingu á deiliskipulagi. Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýst eftirfarandi deiliskipulagsbreyting.

Deiliskipulagsbreyting Hafnargata 12.

Breytingarnar eru þær að bílastæði á lóð verða staðsett ofanjarðar í stað bílakjallara. Bílastæðafjöldi á íbúð með tveimur svefnherbergjum verður 1.5 í stað 1.4 og íbúð með einu svefnherbergi verður 1 í stað 1.4. Innkeyrsla lóðar er frá Norðfjörðsgötu í stað Hafnargötu (í samræmi við umferðagreiningu unnin af VSÓ ráðgjöf ehf. dags. 27. september 2018). Lóðarveggur við lóðarmörk Hafnargötu má vera að hámarki 1.1m hár frá gólfkóta fyrstu hæðar, lóðarveggur við Aðalgötu má vera að hámarki 1.1m hár frá kóta nærliggjandi lóðar. Gera verður uppbrót við vegg í samræmi við línu lóðarveggs í uppdrætti. Minniháttar frávik uppbrots er heimil með samþykki skipulagshönnuða, án breytingar á deiliskipulagi.

Dalshverfi og Stapaskóli - breyting á deiliskipulagi.

Breytinga á deiliskipulagi Dalshverfis 1. áfanga en þar er skipulagsmörkum breytt lítilsháttar og í 2. áfanga er skipulagi lóðar Stapaskóla breytt í samræmi við niðurstöðu samkeppni um skólann og endanlegri útfærslu.

Hafnargata 81-85 breyting á deiliskipulagi.

Í gildandi deiliskipulagstillögu er lagt upp með að fjarlægja núverandi saltgeymslu og reisa þrjú háhýsi á lóðinni. Breytingin felst í að halda saltgeymslunni sem þjónustuhúsnæði og reisa tvö háhýsi á lóðinni. Helstu breytingar: Niðurrif saltgeymslunar fellur niður, heimilaðar er þrjár hæðir fyrir þjónustu- og verslunarhúsnæði ofan á saltgeymsluna, nýbygging tveggja 7.hæða fjölbýlishúsa, í stað þriggja 5.hæða, breytingu á götuheiti lóðar úr Hafnargötu 81, 83 og 85 í Hafnargata 81,83 og Víkurbraut 19. Vanda skal alla hönnun mannvirkja á lóð, sem samsvarar mikilvægi staðsetningar þeirra og skal hönnun útlits húsanna og svæðisins vera lagt fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd, áður en formlega er sótt um byggingarleyfi. Lögð skal vera

áhersla um að fyrsta hæð þjónustu- og verslunarhúsnæðis sé eins opin (gegnsa) eins og mögulegt er.

Tillögur verða til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 frá og með 8. júlí til 31. ágúst 2021. Tillögur eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Reykjanesbæjar: www.reykjanesbaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 31. ágúst 2021. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ. Eða á netfang skipulagsfulltrúa skipulag@reykjanesbaer.is.

Reykjanesbæ, 8. júlí 2021.

Skipulagsfulltrúi.

(2021014465

Útgáfud.: 9. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Grýtubakkahreppur

Deiliskipulag Ægissíðu og Lækjarvalla á Grenivík – auglýsing deiliskipulagstillögu.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. júní 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar og miðsvæðis við Ægissíðu, Túngötu og Lækjarvelli á Grenivík skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er alls um 13 ha. að stærð og nær til gatnanna Ægissíðu, Túngötu og Lækjarvalla á Grenivík. Í deiliskipulagstillögunni felst að skilgreindar verða nýjar íbúðarlóðir við fyrrgreindar götur, breytingar eru gerðar á lóðarmörkum nokkurra lóða auk þess sem eldra deiliskipulag fyrir Lækjarvelli mun falla úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Grýtubakkahrepps frá 9. júlí 2021 til og með 20. ágúst 2021 og verður einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.grenivik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri til 20. ágúst 2021. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á skrifstofu Grýtubakkahrepps, Túngötu 3, 610 Grenivík, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2021014471

Útgáfud.: 9. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í tvöföldunar Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði. Samhliða er felld niður lega stofnbrautar um Kapelluhraun en í stað hennar kemur tengibraut sem þjónusta á iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni og Hellnahrauni.

Tvöföldunin nær frá núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar við afleggja til Krýsuvíkur að enda fjögurra akreina brautarinnar á Hrauni vestan Straumsvíkur. Lengd vegkaflans er 5.6 km og er þetta eini kaflinn á Reykjanesbraut, frá Ásbraut í Hafnarfirði að Njarðvík, sem er með eina akgrein í hvora átt.

Gert er ráð fyrir nýjum mislægum vegamótum við Rauðamel og við aðkomuveg að Straumsvík ásamt veltengingu að skólphreinsistöð austan Straumsvíkur.

Einnig er gert ráð fyrir 2 undirgöngum undir Reykjanesbraut fyrir gangandi og hjólandi umferð.

Breytingartillagan ásamt umhverfisskýrslu og greinagerð verða til sýnis að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri að Strandgötu 6 frá og með 9. júlí - 23. ágúst 2021. Tillagan er til sýnis á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, hafnarfjordur.is og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7.

Vakin er athygli á því að frummatsskýrsla, þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, er auglýst samhliða. Frummatsskýrsluna má nálgast á vef Skipulagsstofnunar <https://www.skipulag.is/>.

Hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 23. ágúst nk. Skila skal athugasemdum á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver að Strandgötu 6.

Hafnarfjörður.

(2021014501

Útgáfud.: 13. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Fjallabyggð

Tillaga að deiliskipulagi athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði.

Bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti þann 8. júlí sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er um 11 ha. að stærð og markast af gámasvæði við Vesturstíg til vesturs, bryggjukanti og varnargörðum til norðurs, Námuvegi til austurs, Múlavegi, Strandgötu og Ægisgötu til suðurs. Deiliskipulagstillagan felur í sér m.a. að skilgreina lóðir fyrir mismunandi starfsemi og þarfir, bæta hafnarstöðu og öryggi þeirra sem um hafnarsvæðin fara og að bæta umhverfi og ásýnd svæðisins. Tillagan liggur frammi í Ráðhúsi Fjallabyggðar og bókasafninu í Ólafsfirði við Ólafsveg 4, frá 13. júlí til og með 25. ágúst og á heimasíðu Fjallabyggðar www.fjallabyggd.is. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast deildarstjóra tæknideildar í síðasta lagi 25. ágúst 2021 annað hvort á Gránugötu 24, 580 Siglufirði eða á netfangið armann@fjallabyggd.is.

Skipulags- og tæknifulltrúi.

(2021014587

Útgáfud.: 14. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Skagafjörður

Tillaga að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti þann 26. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Í tillögu felst m.a. endurskoðun á framboði íbúðarhúsnæðis og atvinnusvæða í sveitarfélaginu, mörkuð er stefna um landbúnaðarsvæðin, ferðaþjónustu, innviði, efnistöku, ný vatnsverndarsvæði og náttúru- og minjavernd. Aðalskipulagið er mikilvægur þáttur í að vinna að sterkum Skagafirði.

Í tillögu er gerð grein fyrir forsendum, útfærslum, heimildum og takmörkunum og umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 105/2006. Skipulagsgögnin verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins *skagafjordur.is*, í ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki, og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b.

Ábendingum og athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi skal senda til skipulagsfulltrúa á netfangið *skipulagsfulltrui@skagafjordur.is*. Einnig er hægt að senda athugasemdir merktar *Aðalskipulag Skagafjarðar* á pósthfangið, Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til mánudagsins 13. september 2021.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar.

(2021014618)

Útgáfud.: 14. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Svæðisskipulag.

1. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsing svæðisskipulags fyrir suðurhálendið.

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurhálendis vinnur nú að gerð nýs svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið sem nær til eftirtalinnna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þessara taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal samvinnunefnd sem vinnur að gerð nýs svæðisskipulags „... taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hefur við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu og hvernig kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum”.

Skipulagslýsing þessi ásamt fylgigögnum liggur nú fyrir og geta þeir sem áhuga hafa á kynnt sér hana á heimasíðu verkefnisins, *www.sass.is/sudurhalendi*.

Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir um fyrirbyggjandi gögn eða efni skipulagslýsingar geta skilað þeim til svæðisskipulagsnefndar á netfangið *sudurhalendi@sass.is*.

Auglýsing vegna lýsingar var birt á heimasíðu SASS þann 2. júlí 2021. Frestur til athugasemda er gefinn til og með 15. ágúst nk.

Aðalskipulagsmál.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlaða :

2. Skollagróf, L166828 - Efnistaka - Aðalskipulagsbreyting. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að landbúnaðarland á lóð Eyjarlands er breytt í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðaeidisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.

3. Skálholt L167166 - Aðalskipulagsbreyting - Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 6. maí 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins að Skálholti. Í breytingunni felst breytt landnotkun á landbúnaðarlandi í skógrækt innan jarðarinnar.

4. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. júlí 2021 að auglýsa til kynningar heildar endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Framlögð gögn til kynningar er greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppráttur, uppráttur af Grímsnesafrétti og þéttbýlisupprættir ásamt skýringauppráttum sem taka til vega í náttúru Íslands, flokkun landbúnaðarlands, vistgerðarkorta, verndarsvæða og minja. Kynningargögn má nálgast rafrænt á meðfylgjandi hlekk og á heimasíðu UTU og sveitarfélagsins.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlaða:

5. Hamar land 2, 212450 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundum sínum þann 6. júlí 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Hamars land 2. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarheimildum innan lands Hamars 2 þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið- / vélaskemmum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskur allt að 200 fm, auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er um 110 ha.

6. Skógsnes 2, L229833 og Lauftún, L230656 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundum sínum þann 6. júlí 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Skógsness 2 og Lauftúns úr landi Skógsness í Flóahreppi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað risi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll-/skemma og vélaskemma. Hvort land fyrir sig er um 60 ha.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlanar:

7. Efra-Langholt L166738 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag í landi Efra-Langholts. Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem eru hver um 1 ha að stærð.

8. Efri-Kisubotnar Hrunamannafrétti - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Efri-Kisubotna á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

9. Svinárnes Hrunamannafrétti - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Svinárnes á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 fm. Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

10. Fosslækur Hrunamannafrétti - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Fosslækjar á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

11. Grákollur Hrunamannafrétti - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Grákolls á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41 .gr.

skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

12. Miklöldubotnar Hrunamannafrétti - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Miklöldubotna á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

13. Helgaskáli Hrunamannafrétti - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Helgaskála á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 15 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

14. Heiðará Hrunamannafrétti - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Heiðará á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 7 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

15. Leppistungur L166846 - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Leppistungna á Hrunamannafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 fm hús sem byggt var árið 1987. Einnig er þar gamalt leitarannahús. Þessi hús eru notuð sem leitarannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 fm hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Innan lóðar/afmörkunar svæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að

100fm. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

16. Reykjabakki L166812, Reykjalaug - Deiliskipulag.
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu í landi Reykjabakka. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Svæðisskipulag fyrir suðurhálendið, mál nr. 1 er kynnt með athugasemdafrest til 15. ágúst. Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 2, 3 og 4 er kynnt frá 14. júlí 2021 til og með 6. ágúst 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 6. ágúst 2021. Deiliskipulagstillögur í lið 5 og 6 eru kynntar frá 14. júlí 2021 til og með 6. ágúst 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 6. júlí 2021. Deiliskipulagsmál í liðum 7 – 16 eru auglýst með athugasemdafresti frá 14. júlí 2021 til og með 27. ágúst 2021. Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 27. ágúst 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Skrifstofa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. mun loka í tvær vikur í sumar, frá 26. júlí til og með 6. ágúst 2021, vegna sumarleyfa starfsfólks.
Við opnum síðan aftur mánudaginn 9. ágúst, hress og endurnærð.

Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi UTU.

(2021014620

Útgáfud.: 15. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður

Miðbær Hafnarfjarðar, Reitur 1 - deiliskipulagsbreyting.
Tillaga að deiliskipulagsbreytingu vegna miðbæjar Hafnarfjarðar. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 29. júní s.l. var eftirfarandi tekið fyrir og samþykkt:

”Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar. Breytingin nær til reits sem afmarkast af

Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt.”

Erindið var samþykkt og vísað til Bæjarstjórnar. Bæjarráð í umboði Bæjarstjórnar staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 1. júlí s.l.

Tillögurnar ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurellu 2, frá 15. júlí - 26. ágúst 2021. Auk þess er hægt að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar, www.hafnarfjordur.is, undir íbúar/skipulag í kynningu. Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagssviði. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað skriflega á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 26. ágúst 2021 eða stílaðar á: Hafnarfjarðarkaupstaður, bt. umhverfis- og skipulagssviðs, Norðurellu 2, 221 Hafnarfirði.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

(2021014633

Útgáfud.: 15. júlí 2021

Auglýsing um skipulag - Mýrdalshreppur

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

Víkurbraut 5 - Deiliskipulagstillaga.

Deiliskipulagið nær til lóðarinnar Víkurbraut 5 og einnig yfir hluta lystigarðsins. Markmið deiliskipulagsins er að afmarka tvo nýja byggingarreiti á lóð auk þess sem byggingarreitur núverandi húss stækkar til suðausturs. Gert er ráð fyrir að útbúin séu bílastæði innan lystigarðs við lóðamörk milli lystigarðs og Víkurbrautar 5 sem lóðarhafi Víkurbrautar 5 og gestir lystigarðs munu samnýta.

Tillaga þessi liggur frammi á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps, www.vik.is, frá 15. júlí 2021 til og með 29. ágúst 2021.

Athugasemdum, ef einhverjar eru, skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út sunnudaginn 29. ágúst 2021.

George Frumuselu

skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

(2021014640

Útgáfud.: 15. júlí 2021

Auglýsing um veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrirtæki

Með vísan til 7. mgr. 4. gr., sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, tilkynnist hér með að endurskoðendaráð veitti þann 24. júní 2021 Íslenskum endurskoðendum, ráðgjöf ehf., kt. 500487-2679, Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki skv. lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Númer starfsleyfis Íslenskra endurskoðenda, ráðgjafar ehf. er EF-2021-004.

Endurskoðendaráð.

8. júlí 2021.

(2021014632

Útgáfud.: 15. júlí 2021

Löggilding til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, er löggilding Sturlu Jónssonar, kt. 150953-3249, til endurskoðunarstarfa, orðin virk að nýju.

Endurskoðendaráð.

8. júlí 2021.

(2021014638

Útgáfud.: 8. júlí 2021

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Héraðsdómur Reykjavíkur,

Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Gunnar Sv. Friðriksson, lögmaður, kt. 080169-3889, Stórhöfða 33, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Ástríðar Höskuldsdóttur, kt. 110270-5939, til heimilis að Eskihlíð 31, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tryggingarbréfi.

Dómkröfur: Að ógilt verði með dómi tryggingarbréf útgefið í Reykjavík þann 30. mars 2001 af Ástríði Gylfadóttur (nú Höskuldsdóttur) kt. 110270-5939, til Guðrúnar Torfadóttur, kt. 210349-4489, upphaflega að fjárhæð kr. 500.000,00 tryggðu með 5. veðrétti og uppfærslurétti í Eskihlíð nr. 31, íbúð 01-0001, fnr. 203-0514, ásamt öllu því er eigninni fylgir og fylgja ber.

Fyrirvar: Gunnar Sv. Friðriksson lögmaður, fer með mál þetta f.h. Ástríðar Höskuldsdóttur, kt. 110270-5939.

Málavextir, málsástæður og lagarök: Tryggingarbréfið sem um ræðir, nú áhvílandi á 5. veðrétti neðangreindrar eignar, var útgefið í Reykjavík þann 30. mars 2001 af Ástríði Gylfadóttur (nú Höskuldsdóttur) kt. 110270-5939, til Guðrúnar Torfadóttur, kt. 210349-4489, upphaflega að fjárhæð kr. 500.000,00 tryggðu með 5. veðrétti og uppfærslurétti í Eskihlíð nr. 31, íbúð 01-0001, fnr. 203-0514, ásamt öllu því er eigninni fylgir og fylgja ber.

Tryggingarbréfið var mótttekið til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 2. apríl 2001

og hlaut þinglýsingarnúmerið B-5483/2001. Það var síðan innfært í þinglýsingarbækur þann 9. apríl 2001.

Tryggingarbréfið var sett til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar útgefanda við kröfuhafa. Sú skuld er nú uppgreidd. Tryggingarbréfið er óverðtryggt og vaxtalaust.

Eins og tryggingarbréfið ber með sér er ekki sérstakur gjalddagi skuldar að baki því, en þar sem skuldin er nú löngu uppgreidd bar þá að aflýsa bréfinu samhliða greiðslu skuldarinnar. Það var hins vegar ekki gert og hafi bréfið síðan glatast og því ekki hægt að aflýsa því af greindri fasteign. Nauðsynlegt sé því að fá tryggingarbréfið ógilt með dómi svo hægt sé að aflýsa því.

Stefnandi krefst ógildingar framangreinds tryggingarbréfs, en hann er þinglýstur eigandi greindrar íbúðar nr. 01-0001 við Eskihlíð nr. 31 í Reykjavík, er tryggingarbréfið hvílir á, sbr. dskj. nr. 4.

Um lagarök vísar stefnandi til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi ætla að leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Ljósrit tryggingarbréfs dags. 30. mars 2001.
4. Veðbandayfirlit, dags. 7. júní 2021 varðandi íbúð 01-0001 við Eskihlíð nr. 31 í Reykjavík, fnr. eignarinnar hjá Þjóðskrá Íslands 203-0514.
5. Fasteignayfirlit eignarinnar hjá Þjóðskrá Íslands dags. 6. apríl 2021.
6. Staðfestingu á stefnubirtingunni í Lögbirtingablaðinu.

Fyrirkall: Vegna framangreinds stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskjal undir höndum og telur til réttar yfir því, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, þriðjudaginn 7. september 2021, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskjalsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu veðskjalsins verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 18. júní 2021.

F. h. Ingibjargar Þorsteinsdóttur dómstjóra,
Snorri Örn Clausen aðstoðarmaður dómara.

(2021014467

Útgáfud.: 13. júlí 2021

Stefna - forsjármál

Aldís Hlín Skúladóttir,

kt. 250393-2379,

Fjalli, 561 Varmahlíð,

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra á hendur Brynjólfi Kristni Friðjónssyni

kt. 121079-5189, heimilisfang óþekkt.

Kröfugerð. Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur: Að dæmt verði að henni verði einni falin forsjá barna þeirra, Önnu Kristínar Brynjólfssdóttur, kt. 180113-2070 og Þengils Týs Brynjólfssonar, kt. 040817-3600.

Þá er að auki krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, að viðbættu 24% álagi vegna virðisaukaskatts, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Fyrirsvor. Þyri Steingrímsdóttir hrl., Lögfræðistofu Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir. Málsatvik eru þau helst að aðilar hófu samband sitt árið 2012, en þá var stefnandi 18 ára en stefndi 32 ára. Þau fóru fljótlega að búa saman og eignuðust stúlkuna Önnu Kristínu árið 2013. Á árinu 2015 fluttu þau til Noregs í bæinn Hafslö í Luster Kommune. Þar bjuggu þau fremur afskekkt en stefndi starfaði sem flutningabílstjóri. Þau eignuðust drenginn Þengil Tý árið 2017. Um það leyti var sambandið orðið verulega slæmt og tók stefndi mikil skapofsaköst á heimilinu sem bitnaði bæði á stefnanda og börnunum. Þá var stefnandi í neyslu kannabísefna síðari hluta sambúðarinnar og að því er stefnandi telur einnig ofneyslu lyfja.

Sambandinu lauk í mars 2019 þegar stefnandi flutti heim til Íslands með börnin og dvaldist í kjölfarið í Kvennaathvarfinu í 6 mánuði. Stefndi samþykkti flutninginn og voru aðilar skráð með sameiginlega forsjá en lögheimili hjá stefnanda.

Stefndi dvaldist hér á landi í 10 daga sumarið 2019 og einnig um jólin 2019. Þá var hann með börnin hjá sér en síðan þá hefur hann ekkert hitt þau. Frá vordögum 2020 hefur hann einvörðungu haft samband við börnin í kringum afmælisdaga og hátíðisdaga og á þá stutt símtöl við börnin í gegnum Messenger app. Stefnandi fær greitt meðlag með börnunum en stefndi hefur að öðru leyti ekkert komið að framfærslu barnanna eða komið að ákvarðanatöku um þau, né heldur óskað eftir samvistum við þau.

Eftir að stefnandi hafði lokið dvöl sinni á Kvennaathvarfinu haustið 2019 fékk hún úthlutað félagslegri íbúð í Grafarvogi og bjó þar með börnunum allt fram á þetta ár þegar hún flutti í Skagafjörðinn.

Stefnandi hefur þannig ein séð um börnin frá samvistarslitum vorið 2019 og stefndi enga aðkomu haft að málefnum barnanna. Stefnandi veit ekki hvar stefndi er niðurkominn, veit ekki heimilisfang hans eða símanúmer eða neitt um hans hagi. Hún hefur óljósar upplýsingar um að stefndi dvelji annaðhvort í Noregi eða Þýskalandi en veit það ekki fyrir víst. Sem fyrr er lýst hringir stefndi í gegnum Messenger appið endrum og eins og talar stuttlega við börnin en á engin samskipti við stefnanda.

Aðilar fara sameiginlega með forsjá barnanna en vegna fyrrgreindra atvika og þess að stefnandi veit ekki hvar stefndi er niðurkominn er ógjörlegt að taka sameignlegar ákvarðanir um börnin og nauðsynlegt fyrir stefnanda að forsjárfyrirkomulagi verði breytt.

Stefnandi óskaði eftir sáttameðferð hjá sjálfstætt starfandi sáttamanni í janúar 2021 sem gerði ítarlegar tilraunir til að ná sambandi við stefnda eins og lýst er í framlögðu sáttavottorði, en án árangurs.

Málsástæður og lagarök. Stefnandi byggir kröfur sínar á því að það sé börnunum fyrir bestu að hún fari ein með forsjá þeirra, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Stefnandi telur að hún hafi, umfram stefnda, til að bera þá persónulegu eiginleika og hæfni sem þarf til að sinna umsjá barnanna. Vísar hún til framangreindrar umfjöllunar í málsatvikaýsingu sem sýni að stefndi hefur í raun yfirgefið börnin og hirðir ekki að neinu leyti um að vera í góðu sambandi við þau né að vera í góðri samvinnu við stefnanda um málefni þeirra.

Þannig byggir stefnandi kröfur sínar á því að það sé börnunum fyrir bestu að breyting verði gerð á forsjárfyrirkomulagi þeirra, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003. Stefnandi telur að sé lítið til þeirra atriða sem ákvæðið kveður á um að dómari skuli líta til við úrlausn ágreinings um forsjá barna, sé ljóst að það sé börnunum fyrir bestu að fallist verði á kröfur hennar.

Stefnandi byggir á því að núverandi ástand um sameiginlega forsjá hamli henni við stærri ákvarðanir um málefni barnanna og með því að hún fari ein með forsjánni megi stuðla að því með betri hætti að hægt sé að taka meiriháttar ákvarðanir um hagsmuni þeirra til samræmis við það sem þeim er fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003. Við núverandi stöðu ber henni nú við töku slíka ákvarðanna að hafa samráð við stefnda, sem er henni ómögulegt.

Annað barnið er greint með ADHD og málþroskaröskun og hefur þurft aðstoð sérfræðinga og lyf. Það hefur staðið stefnanda fyrir þrifum að vera með sameiginlega forsjá við aðkomu slíkra sérfræðinga vegna málefna barnsins enda henni ómögulegt að hafa samráð við stefnda um það eða afla hans samþykkis. Þá hefur ferðafrelsi stefnanda og barnanna verið settar skorður enda hefur stefnandi ekki getað fengið útgefið nýtt vegabréf fyrir börnin eða getað ferðast með þau þar sem henni er ómögulegt að afla samþykkis stefnda, sbr. 3. mgr. 28. gr. s.l.

Stefnandi byggir jafnframt á því að hún búi við afar góðar aðstæður, er reglusöm, heilsuhraust og setur þarfir barna sinna ávallt ofar sínum eigin. Stefnandi er háskólanemi og leggur stund á tölvunarfræði. Hún hefur búið í Reykjavík en er nýlega flutt í Skagafjörðinn og hefur hafið þar sambúð. Sambúðarmaki hennar hefur myndað gott og kærleiksrikt samband við börnin, sem og öll hans fjölskylda sem býr á staðnum. Stefnandi hefur gott bakland í fjölskyldu sinni sem öll eru vel tengd börnunum og sinna þeim vel. Fjölskylda stefnanda er samhent og samheldin. Þannig hefur stefnandi börnunum upp á að bjóða mjög góðar aðstæður hér eftir sem hingað til.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. aðallega 130. gr. Krafa um að tekið sé tillit til áhrifa virðisaukaskatts við ákvörðun málflutningsþóknunar byggir á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 þar sem lögmonnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnandi er ekki virðisaukaskatts-skyld og er henni því nauðsynlegt að fá kostnað vegna skattsins tildæmdan úr hendi stefnda. Sótt hefur verið um gjafsóknarleyfi fyrir stefnanda.

Mál þetta er höfðað á heimilisvarnarþingi barnanna, sbr. 37. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Stefnan er birt í Lögbirtingarblaði sbr. a-lið 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 enda verður upplýsinga ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum. Sem fyrr er lýst er stefnanda ómögulegt

að hafa upp á stefnda til að birta fyrir honum stefnu en henni er ekki kunnugt um heimilisfang hans eða í hvaða landi hann dvelur. Tilraunir sáttamanns til að hafa samband við stefnda með tölvupósti og skilaboðum á Messenger appi voru árangurslausar.

Sérstakur áskilnaður. Stefnandi áskilur sér rétt, verði gripið til varna í málinu, til að krefjast þess að dómari á grundvelli 42. gr. barnalaga nr. 76/2003 hlutist til um að sérfróður aðili kanni aðstæður málsaðila, hæfni þeirra til að fara með forsjá barnanna og þar með fasta búsetu. Stefnandi áskilur sér að öðrum kosti rétt til að óska eftir sérfræðilegri álitsgerð í því skyni, sbr. 3. mgr. 42. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn í málinu á síðari stigum þess, sbr. 41. og 42. gr. barnalaga nr. 76/2003. Þá er áskilinn réttur til að koma að nýjum málsástæðum og andmælum allt þar til málið er dómtekið, sbr. 41. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Skýrslutökur. Komi til aðalmeðferðar í máli þessu mun stefnandi máls þessa koma fyrir dóm, auk annarra þeirra sem til hagsmuna barnanna þekkja. Þá áskilur stefnandi sér rétt til þess að leiða til skýrslutöku aðila sem upplýst geta dóminn um aðstæður málsaðila eftir því sem máli skiptir.

Sönnunargögn. Við þingfestingu máls þessa verða lögð fram gögn til stuðnings málatilbúnaði stefnanda.

Fyrirkall. Fyrir því stefnist hér með Brynjólfri Kristni Friðjónssyni kt. 121079-5189, heimilisfang og dvalarstaður óþekktur, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Norðurlands vestra sem háð verður þriðjudaginn 14. september 2021 kl. 14.00 í dómsal Héraðsdóms Norðurlands vestra við Skagfirðingabraut 21 á Sauðárkróki er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar að hlýða og dóm að þola í framangreinda átt.

Mæti stefndi ekki má hann búast við að útivistardómur geti gengið í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 29. júní 2021.

Þyrí Steingrímsdóttir hrl.

(2021014606

Útgáfud.: 14. júlí 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. júlí 2021 í mál L-1501/2021 var Sigríður Valdís Sörensdóttir, kt. 310524-4259, svipt fjárræði til 12. júlí 2026, frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 12. júlí 2021.

Þorsteinn Davíðsson héraðsdómari.

(2021014619

Útgáfud.: 15. júlí 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 14. júlí 2021, í máli nr. L-1573/2021 var Guðrún R. Guðjohnsen, kt. 310134-3929, svipt fjárræði í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 14. júlí 2021.

Kristinn Halldórsson.

(2021014644

Útgáfud.: 12. júlí 2021

Auglýsing frá Umhverfisstofnun - Áform um friðlýsingu

Umhverfisstofnun, ásamt landeigendum og sveitarfélögum Reykjavík og Mosfellsbæ, kynnir hér með áformum friðlýsingu eftirfarandi landsvæða:

Grafarvog innan Gullinbrúar.

Blikastaðakró-Leiruvog.

Áformin um friðlýsingu svæðanna er kynnt í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna. Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 10. ágúst 2021. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Umhverfisstofnun.

(2021014575

Útgáfud.: 16. júlí 2021

Dómsbirting

Árið 2021, föstudaginn 28. júní 2021, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er að Hafnarstræti 9, Ísafirði, kveðinn upp í máli nr. S-57/2021, ákærvaldið gegn Normunds Savokins, svofelldur dómur:

Dómsorð:

Ákærði, Normunds Savokins, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimru árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga brota nr. 19/1940.

Hákon Þorsteinsson.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Normunds Savokins, kennitala 100579-3919, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr., sbr. 3. mgr. 185. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vestfjörðum,
12. júlí 2021.

Thelma Hjaltadóttir ritari.

(2021014648

Útgáfud.: 16. júlí 2021

Lögmannsréttindi

Einar Jónsson hefur lagt inn til sýslumannsins á Norðurlandi eystra réttindi sín til málflutnings, réttindin eru því óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra.

(2021014670

Útgáfud.: 20. júlí 2021

Félagsslit

Með almenntri innköllun í Lögbirtingablaðinu þann 19. mars 2021 og þann 23. mars 2021 kom fram að samþykkt hafi verið að slíta sjálfseignarstofnunni Gásakaupstað ses., kt. 560108-0360, Þelamerkurskóla, 601 Akureyri og að undirrituð hafi verið skipuð skilaneftarmenn.

Engar fjárkröfur komu fram á hendur stofnuninni í innköllunarfresti. Á fundi stofnfjáreigenda sem haldinn var þann 1. júní 2021 lagði skilaneftnd fram frumvarp að úthlutunargerð auk lokareikning félagsins. Hvort tveggja var samþykkt samhljóða á fundinum og var skilaneftndarmönnum falið að óska eftir að félagið yrði afskráð af fyrirtækjaskrá Skattsins.

Skilaneftnd Gásakaupstaðar ses. hefur úthlutað eftistandandi eignum félagsins í samræmi við úthlutunargerðina og þá hefur stofnunin verið afskráð hjá fyrirtækjaskrá Skattsins. Hefur skilaneftndin tilkynnt fyrirtækjaskrá um lok starfa nefndarinnar og hefur hún þar með lokið störfum.

Framangreint tilkynnist hér með, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 91. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Akureyri, 13. júlí 2021.

Ragnar Jóhann Jónsson.**Hanna Rósa Sveinsdóttir.****Kristín Sóley Björnsdóttir.**

(2021014786

Útgáfud.: 20. júlí 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* **MAM slf.***Kt.:* 550721-1120.*Dagsetning samþykkt:* 4. júlí 2021*Heimilisfang:* Raftahlíð 2, Sauðárkrókur.*Eigendur:* Margrét Alda Magnúsdóttir, kt. 050390-3069, Raftahlíð 2, Sauðárkrókur, ábyrgðaraðili. Bergljót Ásta Pétursdóttir, kt. 270901-4090, Dalatúni 17, Sauðárkrókur, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur nuddstofu og vörusala. Leiga áhalda og tækja, kaup og sala eigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.*Prókúruumboð:* Margrét Alda Magnúsdóttir.*Stjórnarmaður:* Margrét Alda Magnúsdóttir. *Varamaður:* Bergljót Ásta Pétursdóttir. *Endurskoðendur/skoðunarmenn:* Ragna Hrunn Hjartardóttir, kt. 211169-4789, Raftahlíð 20, Sauðárkrókur, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 16. júlí 2021.

(2021014816

Útgáfud.: 20. júlí 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* **MD13 slf.***Kt.:* 490721-0290.*Dagsetning samþykkt:* 28. júní 2021*Heimilisfang:* Mardal 13, Reykjanesbær.*Eigendur:* Eyjólfur Brynjar Kristinsson, kt. 061281-5689, Mardal 13, Reykjanesbær, ábyrgðaraðili, Kristinn Eyjólfsson, kt. 030751-2219, Norðurvöllum 26, Reykjanesbær, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er flugmennska, útleiga flugmanna, ráðgjöf og tengdur rekstur s.s. kennsla og námskeiðahald.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.*Prókúruumboð:* Eyjólfur Brynjar Kristinsson.

Endurskoðendur/skoðunarmenn: Helga Harðardóttir, kt. 060180-4079, Gvendargeisla 148, Reykjavík, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 12. júlí 2021.

(2021014823

Útgáfud.: 20. júlí 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: SR lækningar slf.

Kt.: 550721-1200.

Dagsetning samþykkt: 27. maí 2021

Heimilisfang: Hagamel 43, Reykjavík.

Eigendur: Sæmundur Rögnvaldsson, kt. 271291-2649, Hagamel 43, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson, kt. 030368-3479, Bollagörðum 45, Seltjarnarnes, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er að vera verktaki í heilbrigðisþjónustu og vísindastarfi á sviði heilbrigðisvísinda.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Sæmundur Rögnvaldsson.

Endurskoðendur/skoðunarmenn: Ingibjörg Þorsteinsdóttir, kt. 260371-5419, Starhólma 6, Kópavogur, skoðunarmaður.

Reykjavík, 16. júlí 2021.

(2021014824

Útgáfud.: 20. júlí 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Hjörtur Haraldsson slf.

Kt.: 530721-2050.

Dagsetning samþykkt: 7. júlí 2021

Heimilisfang: Norðurbakka 7c, Hafnarfjörður.

Eigendur: Hjörtur Haraldsson, kt. 161083-5509, Norðurbakka 7C, Hafnarfjörður, ábyrgðaraðili. Helga Haraldsdóttir, kt. 310358-6659, Þjórásbakka landi, Selfoss, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er lækniþjónusta hvers konar.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Hjörtur Haraldsson.

Stjórnarmaður: Hjörtur Haraldsson. Varamaður: Helga Haraldsdóttir. Endurskoðendur/skoðunarmenn: Örn Ingólfsson, kt. 210245-4649, Ásakór 5, 203 Kópavogur, skoðunarmaður.

Reykjavík, 16. júlí 2021.

(2021014830

Útgáfud.: 20. júlí 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Wave Hair Salon slf.

Kt.: 490721-0100.

Dagsetning samþykkt: 22. júní 2021

Heimilisfang: Álfamýri 56, Reykjavík.

Eigendur: Margrét Guðbjörg Ásrúnardóttir, kt. 180384-3679, Álfamýri 56, Reykjavík, ábyrgðaraðili, Jóhannes Snær Eiríksson, kt. 121294-2819, Grundarbraut 45, Ólafsvík, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er hársnyrting, sala á hárvörum og útleiga á stólum.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Margrét Guðbjörg Ásrúnardóttir,.

Framkvæmdarstjóri: Margrét Guðbjörg Ásrúnardóttir. Endurskoðendur/skoðunarmenn: Skúli Sigurðsson, kt. 230369-4029, Skipalóni 23, Hafnarfjörður, skoðunarmaður.

Reykjavík, 12. júlí 2021.

(2021014851

Útgáfud.: 20. júlí 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: VerkÖld slf.

Kt.: 520721-1260.

Dagsetning samþykkt: 19. júní 2021

Heimilisfang: Logafold 117, Reykjavík.

Eigendur: Guðmundur Valur Oddsson, kt. 061270-5319, Logafold 117, Reykjavík, ábyrgðaraðili, Anna Björg Jónsdóttir, kt. 210374-4939, Logafold 117, Reykjavík, ábyrgðaraðili, Jón Ásmundsson, kt. 040650-7419, Ásabraut 12, Suðurnesjabær, samlagsaðili.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Anna Björg Jónsdóttir, Guðmundur Valur Oddsson.

Tilgangur félagsins er sérfræðilækningar og verkfræðistörf, ennfremur önnur starfsemi tengd framangreindri þjónustu. Einnig kaup og sala verðbréfa, kaup og sala farartækja, innflutningur og útflutningur, kaup, sala og rekstur fasteigna svo og lánastarfsemi og annað sem tengist slíkri starfsemi.

Reykjavík, 14. júlí 2021.

(2021014852

Útgáfud.: 16. júlí 2021

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Vestfjarða gerir kunnugt:

Mál nr.: S-76/2021:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, Kristín Una Pétursdóttir saksóknarfulltrúi.

Ákærði: Kamil Eugeniusz Malesiak, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 1. september 2021, kl. 11.00 í sal dómstólsins að Hafnarstræti 9, Ísafirði.

